



Fréttabréf september 2012

Kæru dönskukennarar

Velkomnir til starfa á ný. Vonandi hafið þið átt gott sumar.

Enn bætast við nýir félagar. Stjórn Félags dönskukennara vill bjóða alla nýja féлага hjartanlega velkomna.

Starfið framundan

Stjórnin hefur ýmislegt á þrjónunum á þessu skólaári. Má t.d. nefna að áætlað er að standa fyrir nokkrum fræðslufundum á skólaárinu um ýmislegt sem við kemur dönskukennslu. Stefnt er að því halda fyrstu fundina fyrir jól. Stjórnin hvetur féлага til að hafa samband við okkur með hugmyndir og óskir um kynningar eða fyrirlestra sem við gætum haft gagn og gaman af. Nánar verður greint frá þessu þegar nær dregur.

Stjórnin hefur heyrt miklar áncægjuraddir með íslex-orðabókina, bæði frá nemendum og kennurum. Minnum því á slóðina: <http://islex.hi.is/>

Nordspråk 40 ára

- Nordspråk er 40 ára á þessu ári.
- Nordspråk er samstarfsvettvangur þeirra sem kenna norrænu málin sem móðurmál eða sem erlent mál og hafa að markmiði að efla menningartengsl og stuðla að auknum málskilningi milli Norðurlanda.
- Í nýjustu Skímu, sem er málagn móðurmálskennara, er blaðið helgað Nordspråk. Þemað er UNG I NORDEN.
- Stjórnin hvetur ykkur til að kynna ykkur blaðið, en í því eru margar áhugaverðar greinar fyrir dönskukennara.
- <http://www.modurmal.is/skima-1-2012>

Samkeppni fyrir Sprogpiloter

Konkurrence for uddannede sprogpiloter

Hvem kan udarbejde det bedste undervisningsmateriale til undervisning i nabosprog/nordiske sprog? Nordisk Sprogkoordination udlyser i samarbejde med Sprogpiloterne en konkurrence, hvor det bedste forslag honoreres med 10.000 Dkr.

Materialet skal være udformet, så det umiddelbart kan anvendes i skolen. Du bestemmer selv aldersgruppe. Materialet skal dække et kortere eller længere forløb i undervisning med og i nabosprog. Undervisningen skal have et sprogligt fokus, men må også gerne have fokus på nabokultur/nordisk kultur.

Konkurrencebidrag sendes eller mailes til formand for bedømmelsesudvalget senest 1. oktober 2012. Konkurrencen retter sig mod nordiske lærere, der har uddannet sig til sprogpilot. Hvis der er spørgsmål til retningslinjer eller bedømmelseskriterier for konkurrencen, kan du kontakte formanden for bedømmelsesudvalget, Lis Madsen.

Bedømmelsesudvalget består af: Lis Madsen (formand), Charlotte Paaskesen, Christina Lindh og Bodil Aurstad.

[Lis Madsens](mailto:lima@uuc.dk) mailadresse: lima@uuc.dk



Schæffergårdsnámskeiðið fyrir framhaldsskólakennara

Námskeið á vegum FDK fyrir dönskukennara í framhaldsskólum var haldið í ágúst mánuði og þótti takast vel. Þátttakendur hafa lýst ánægju sinni með gott námskeið. Þær Björg Hilmarsdóttir og Jette Dige Pedersen höfðu veg og vanda að námskeiðinu og vill stjórnin þakka þeim fyrir.

Andlát

Félagið vill minnst þriggja látinna félaga. Aðalheiður Jónasdóttir dönskukennari í FSU lést í sumar.

Solveig Jónsdóttir dönskukennari í MH lést á vordögum.

Ásta Lúðvíksdóttir fyrrverandi dönskukennari í FG lést í sumar.

Við vottum þeim virðingu okkar.

Frá Tungumálatorgi

Lagt hefur verið út á Tungumálatorg skýring Sigurjóns Mýrdals í Menntamálaráðuneytinu á því að taka upp bókstafi í stað talna að nýju námsmati: <http://tungumalatorg.is/blog/2012/08/27/bokstafirnir-meta-betur-h%C3%A6fni/>

Sidste nyt fra Danmark

Við viljum benda ykkur á tvær áhugaverðar greinar úr Politiken.

Sú fyrri fjallar um að menntaskólanemar fá að nota google translate í enskuprófum:
<http://politiken.dk/uddannelse/ECE1533354/gymnasieelever-faar-lov-at-bruge-google-translate-til-eksamen/>

Hin fjallar um að taka norsku og sænsku upp sem fyrsta erlenda tungumálið í Danmörku:
<http://politiken.dk/kultur/nyheder/ECE1670533/sproгнаevn-norsk-og-svensk-skal-komme-foer-engelsk/>

Stjórnin vill hvetja dönskukennara til að nýta sér facebooksíðu félagsins. Þar má t.d. hefja umræðu um ýmis mál og einnig setja inn krækjur á greinar sem okkur þykja áhugaverðar.



**Með ósk um gott starfsár.
Stjórnin**